



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 11. apríl 2017

Niðurstaða athugunar á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Motus ehf., Orkuveitu Reykjavíkur og Símanum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá Motus ehf., Orkuveitu Reykjavíkur og Símanum hf. í janúar 2017. Markmið athugunarinnar var að skoða sérstaklega hvort innheimta félaganna sé í samræmi við góða innheimtuhætti líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 og hvort innheimtuviðvaranir félaganna séu í samræmi við 7. gr. innheimtulaga. Þar á meðal hvort hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, með síðari breytingum. Athuginin beindist að upplýsingum um fyrstu fimm innheimtumál sem stofnuð voru í byrjun hvers ársfjórðungs, þ.e. í janúar, apríl, júlí og október 2016, hjá hverjum og einum. Verkferlar félaganna voru skoðaðir, ásamt gjaldskrár þeirra. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í mars 2017 að undangengnum samskiptum við hluteigandi innheimtufélag hverju sinni.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði við athugun þessa taldi eftirlitið ekki tilefni til að gera athugasemdir við innheimtuferli við frum- og milliinnheimtu hjá framangreindum félögum.

Fjármálaeftirlitið telur að ofangreind félög uppfylli almennt ofangreind lög og reglur og starfi almennt í samræmi við góða innheimtuhætti líkt og kveðið er á um 1. mgr. 6 gr. nefndra laga. Verkferlar voru skýrir og voru fjárhæðir innheimtukostnaðar í samræmi við ákvæði í nefndri reglugerð nr. 37/2009, með síðari breytingum.